

EFTIRLITSSKÝRSLA

Rio Tinto Alcan Straumsvík Hafnarfjörður



Dags eftirlits	13.3.2014	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Rio Tinto Alcan Straumsvík	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Straumsvík	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6804660179	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðrún Þóra Magnúsdóttir	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Fannar Jónsson	Staðsetning	352084,248 397144,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki komu fram ný frávik í eftirlitinu og engar athugasemdir gerðar við starfsemina.

Olíunotkun hefur dregist verulega saman í kjölfar breytinga í steypuskála.

Olíulagnir voru þrýstiprófaðar árið 2010 (gasolíulagnir) og 2011 (svartolíulagnir) auk þess sem að nýjar lagnir í kringum nýja olíuafgreiðslustöð á milli kerskálanna var gangsett og þrýstiprófuð sl. sumar (2013) en þær á að þrýstiprófa á fimm ára fresti skv. reglugerð. Olíutankar voru botnþykktarmældir árið 2010 og á þá að botnþykktarmæla næst árið 2020.

Ný mæliáætlun og vöktunaráætlun hefur verið endurskoðuð og samþykkt af Umhverfisstofnun. Þær eru nú birtar á heimasíðu stofnunarinnar.

Rekstraraðili er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi ISO14001 og hefur vottunin nú sömuleiðis verið birt á heimasíðu UST.

Engar kvartanir hafa borist síðan síðasta eftirlit fór fram. Ársfjórðungsskýrslu fyrir fjórða ársfjórðung 2013 var skilað 21.janúar sl. og voru niðurstöður vel innan starfsleyfismarka

UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á eftirlitsfundi þar sem að farið var yfir breytingar í steypuskála, þrýstiprófanir olíulagna, botnþykktarmælingar olíugeyma og skráningar mælinga úr ryksöfnurum. Auk þess var rætt um umbunarkerfi fyrir fyrirtæki sem standa sig vel í umhverfismálum.

Vel er haldið utan um skráningar á mælingum úr ryksöfnurum með áætlun um næstu mælingar allt til ársins 2019. Samkvæmt mæliáætlun skal mæla rykmagn úr ryksöfnurum á fjögurra ára fresti. Auk þess eru rykstafir sem gefa vísbendingar um rifna poka.

Farið var yfir lagnateikningu sem þarfnast uppfærslu þar sem að olíuafgreiðslustöðvar voru fluttar til á síðasta ári. Farið var yfir síðustu þrýstiprófanir og botnþykktarmælingar.

Að loknum fundi var farið í skoðunarferð í gjallhús og steypuskála. Álgjall er geymt í svokölluðum kælihattum á meðan á kælingu stendur og síðan geymt í yfirbyggðum gjallþróum þar til það er sótt af endurvinnsluaðila. Gámar til flutnings á álgjallinu eru í eigu endurvinnsluaðilans.

Breytingar í steypuskála eru langt á veg komnar en nú hefur framleiðslu á börrum verið hætt en steypit í bolta framvegis. Búið er að rafvæða tvo steypuofna af fjórum. Búið er að byggja við steypuskálan og bæta við tveimur jöfnunarofnum sem boltarnir fara í gegnum eftir að þeir hafa verið steyptir. Verið var að keyra rafofn nr. 2 í fyrsta skipti þegar eftirlitið fór fram.

ATHUGASEMDIR

ANNAÐ

Umhverfisstofnun óskar eftir uppfærðri lagnateikningu sem sýnir olíulagnir og staðsetningu olíugeyma á lóð fyrirtækisins.

Búið er að breyta þurrhreinsivirkjum 1 og 2 frá kerskálum og eru tengingar afsogslagna fyrirhugaðar í lok mars og

fram í apríl. Umhverfisstofnun hefur borist erindi varðandi framkvæmdirnar og hefur fallist á fyrirkomulagið og óskað eftir tilkynningum um upphaf og lok framkvæmdanna.

Reykjavík, 10.04.2014



Halla Einarsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.